

Lagt fyrir fund velferðarráðs 22. maí. 2019

Fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins vegna Gistiskýlis, frá fundi velferðarráðs 24. apríl 2019.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn vegna Gistiskýlisins:

Í fréttum í síðustu viku kom í ljós að einstaklingar hafi fengið leyfi til að sprauta sig í gistiskýlinu enda þótt það sé bannað og að þar sé ekki rekið formlegt neyslurými sem borgarfulltrúi Flokks fólksins veit að þörf er á. Staðfest hefur verið að í gistiskýlinu hafa einstaklingar getað sprautað sig á staðnum þótt það sé skýrt í reglugerð um gistiskýlið að öll neysla sé bönnuð. Í gistiskýlinu hangir á vegg (eða hékk) miði þar sem á stóð: „Í skaðminnkandi tilgangi er horft fram hjá því að einstaklingar sprauti sig í gistiskýlinu“ Hangir þessi miði enn á vegg í gistiskýlinu? Er það enn í boði að einstaklingar sprauti sig í gistiskýlinu þrátt fyrir að það sé bannað að neyta vímuefna þar? Var haft samráð við allt starfsfólk um leyfa einstaklingum að sprauta sig í gistiskýlinu í skaðminnkandi tilgangi þrátt fyrir að það væri bannað? Og ef svo var, var starfsfólk sátt við að vinna undir þessum kringumstæðum? Hefur verið gerð viðbragðsáætlun í tilfellum ef einstaklingur myndi ofneyta og fara t.d. í hjartastopp sem starfsmenn hafa fengið þjálfun í að fylgja? Hefur verið gengið frá samkomulagi við heilbrigðisstarfsmann sem hægt er að kalla út ef í neyðartilfelli? Hefur verið rætt um ábyrgð við starfsfólk ef dauðsfall yrði eða verður á staðnum sem tengdist leyfi að sprauta sig án þess að nauðsynleg heilbrigðisþjónusta væri til staðar? Hver hefði borið ábyrgð ef dauðsfall hefði orðið í gistiskýlinu í kjölfar þess að einstaklingur sprautar sig í æð og lætur lífið vegna ofneyslu? Hefur aldrei verið rætt um að breyta reglunum í þá átt að það sé leyft að sprauta sig „í skaðminnkandi tilgangi“ Ef leyfa á einstaklingum að sprauta sig í gistiskýlinu stendur til að breyta reglum gistiskýlisins í samræmi við það?